

Fundur samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Samstarfsnefnd kom saman til fundar þann 24. mars 2024 á Teams kl. 10:00.

Fundinn sátu:

- Guðveig Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Lilja B. Ágústsdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar
- Jón Hrói Finnsson, KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, KPMG sem ritaði fundargerð.

Jón Hrói setti fundinn kl. 10:00.

1. Hagsmunamál í samskiptum við stjórnvöld

Rætt um aðgerðir til að stuðla að jákvæðri byggðarþróun á svæðinu. Samstarfsnefnd samþykkir að leggja áherslu á eftirfarandi hagsmunamál í samskiptum við stjórnvöld:

Samgöngumál:

- Endurbætur á vegi nr. 52 um Uxahryggi verði kláraðar og tekin upp vetrarþjónusta. Leiðin um Uxahryggi tengir saman Vesturland og Suðurland. Vegurinn gæti tekið við hluta þeirrar umferðar sem nú fer um þjóðveg nr. 1 og aukið þar með umferðaröryggi vegfarenda. Bætt tenging landshlutanna og opnun vegarins að vetri myndi auk þess skapa mikil tækifæri í ferðaþjónustu og fleiri atvinnugreinum.
- Vegur nr. 520 um Dragháls verði lagður bundnu slitlagi. Vegurinn um Dragháls eykur öryggi íbúa sveitarfélagsins og með endurbótum skapast aukið öryggi við bæði íbúa svæðisins og tengir saman bæði Suðurland og Höfuðborgarsvæðið við Vesturland.

Byggðaverkefni vegna styrkumsókna í tengslum við sameiningu:

- Grænn iðngarður á Hvanneyri. Sótt verði um styrk til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að móta verkefnið og greina þarfir í samráði við hagaðila.

GE setur niður punkta varðandi þessi atriði og sendir á samstarfsnefnd.

Ráðgjafar KPMG taka saman minnisblað vegna hagsmunamála í samskiptum við stjórnvöld.

2. Framtíðarsýn og álit samstarfsnefndar

Samþykkt að samstarfsnefndin mæli með sameiningu sveitarfélaganna.

Síðustu ár hefur samstarfið á milli sveitarfélaganna gengið vel. Stefna stjórnvalda er að hvert og eitt sveitarfélag sé sjálfbært og geti boðið upp á lögbundna þjónustu við íbúa. Það er ekki útlit fyrir að hægt verði að byggja á þjónustusamningum á milli sveitarfélaganna til framtíðar. Á þessum grundvelli mælir samstarfsnefnd með sameiningu sveitarfélaganna.

KPMG sendir fyrirspurn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og óskar eftir skýringu á áhrifum á framlög sjóðsins verði til sameiningar sveitarfélaganna.

3. Annað

Umræða um fyrirkomulag heimastjórna að fyrirmynd t.d. því sem er í Múlaþingi.

Fundi slitið kl. 11:00.